

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA	3
NEFNDIR OG RÁÐ	4
STARFSEMI FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSÞJÓNUSTUNNAR	5
BARNAVERND OG FJÖLSKYLDUMÁL	6
FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF.....	7
HÚSNÆÐISMÁL OG HÚSALEIGUBÆTUR	8
FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA	9
DAGGÆSLA BARNA	10
MÁLEFNI ALDRAÐRA	11
MÁLEFNI FATLAÐRA	12

INNGANGUR

Árið 2000 var annasamt hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar þrátt fyrir uppgang í atvinnulífi og meiri efni meðal manna.

Barnaverndarþátturinn var eins og árin á undan umfangsmestur. Úrræðum til stuðnings í barnaverndarmálum hefur á undanförnum árum fjölgað mjög. Þróun síðustu ára sýnir að foreldrar leita í ríkara mæli og að eigin frumkvæði eftir aðstoð eða leiðbeiningum við uppeldi barna sinna. Líta verður á það sem jákvæða þróun m.v. þá fordóma sem ríkt hafa í garð barnaverndar í gegnum árin. Þessa þróun viljum við þakka markvissri kynningu á starfsemi stofnunarinnar og jákvæðri hugarfarsbreytingu almennings til félagsþjónustu almennt.

Færst hefur í vöxt að aðrar stofnanir og fagaðilar sæki í smiðjur okkar þá ekki síst varðandi stefnu okkar í barnavernd. Þannig fengum við á árinu fjölda hópa og einstaklinga í heimsókn. Slíkt skilur ávallt eitthvað eftir sig líka fyrir þá sem heim eru sóttir og erum við þakklát fyrir það.

Unnið var að gerð starfsáætlunar fyrir árið 2001. Þar var m.a. ákveðið að fylgja eftir kynningarátaki með greinaskrifum starfsmanna í staðarblöðin, fyrirlesturum og námskeiðum. Í starfsáætlun er einnig lögð áhersla á sí- og endurmenntun starfsmanna og mótuð hefur verið símenntunarstefna sem forstöðumönnum deilda ber að fylgja eftir. Jafnframt er lögð áhersla á eflingu félagsandans innan skipulagsheildarinnar með markvissum hætti.

Ákvörðun var tekin um að fækka opnum gæsluvöllum í Reykjanesbæ yfir vetrarmánuðina, en nýting þeirra hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Í vetur voru tveir gæsluvellir af fimm opnir. Einn gæsluvallanna var leigður út, fyrir hádegi, til dagmæðra sem ráku starfsemi sína þar við góðar undirtektir foreldra.

Heilbrigðisráðuneytið samþykkti fjölgun á vistrýmum í Dagdvöl aldraðra um þrjú og eru þau nú alls sextán. Stöðugildi í Dagdvölinni hafa aukist í hlutfalli við það.

Fyrir tilstuðlan bæjarstjórnar var settur á laggirnar starfshópur til að vinna að stefnumótun í málefnum nýbúa í Reykjanesbæ. Félagráðgjafi hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustunni stýrði starfshópnum.

Breytingar á framkvæmd félagslegs húsnæðis tóku gildi á árinu 1999. Viðbótarlán komu í stað félagslegra eignaríbúða. Aðsókn í viðbótarlán var mikil og þrisvar var sótt um frekari fjárveitingu úr Íbúðalánasjóði til að mæta eftirspurn, sem dugði þó ekki til.

Á árinu var hafinn undirbúningur að byggingu 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða sem áætlað er að taka í notkun vorið 2002. Félagsmálastjóri er formaður starfshóps um bygginguna.

Í apríl voru teknar í notkun 6 nýjar félagslegar leiguíbúðir fyrir fatlaða/proskahefta. Þetta búsetuúrræði er nýtt og því viðbót við þá kosti sem fyrir voru fyrir þennan hóp fatlaðra.

Fjölskyldu- og félagsþjónustan mun áfram leitast við og leggja áherslu á góða og aðgengilega þjónustu. Til að ná því markmiði þurfa starfsmenn að hafa metnað og trú á sjálfum sér og störfum sínum, það hafa starfsmenn Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Ég vil þakka þeim öllum vel unnin störf, jákvætt hugarfar, vilja og þor til að gera enn betur í dag en í gær.

Hjördís Árnadóttir,
félagsmálastjóri.

SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

Þann 1. desember 2000 voru íbúar í Reykjanesbæ 10.840. Útgjöld til Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar og málefna sem undir hana heyra voru kr. 161.512.000 sem samsvarar kr. 14.900 á hvern íbúa.



Sundurliðun útgjalda:

fjölskyldu og félagsþjón./skrifstofa	38.903.000
barnaverndarnefnd	1.732.000
tilsjón/stuðningsfjölskyldur	1.034.000
framfærslustyrkir/lán	16.812.000
vistun barna	22.484.000
húsaleigubætur	8.121.000
félagsleg heimþjónusta	15.654.000
niðurgreidd dagvist hjá dagmæðrum	15.202.000
dagdvöl aldraðra	- 1.159.000
liðveisla	4.143.000
gæsluvellir og opnir leikvellir	9.570.000
ferlimál fatlaðra	1.353.000
leiguíbúðir aldraðra	950.000
félagslegt húsnæði	26.713.000


Heildarútgjöld árið 2000 námu kr. 161.512.000

NEFNDIR OG RÁÐ

Fjölskyldu- og félagsmálaráð starfar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um húsnæðismál og fer auk þess með jafnréttismál, áfengis- og vímuvarnarmál og framtalsmál. Meginmarkmið fjölskyldu- og félagsþjónustunnar er að hjálpa fólki til sjálfsbjargar með ráðgjöf, upplýsingum og endurhæfingu svo og með nauðsynlegri fjárhagsaðstoð.

Reglulegir fundir ráðsins eru annan hvorn mánudag. Fjöldi funda á árinu voru 24.

Félagsmálastjóri er framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsmálaráðs og situr fundi þess. Húsnæðisfulltrúi situr fundi við afgreiðslu húsnæðismála og aðrir starfsmenn eftir þörfum.



Á árinu 2000 var fjölskyldu- og félagsmálaráð þannig skipað:


Aðalmenn: Svanlaug Jónsdóttir formaður, Guðný Kristjánsdóttir, Ólöf Sveinsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir og Guðbrandur Einarsson.

Varamenn: Anna Lea Björnsdóttir, Hafsteinn Ingibergsson, Sigurveig Una Jónsdóttir, Andrea Gunnarsdóttir og Vilhjálmur Skarphéðinsson.

Barnaverndarnefnd starfar skv. barnaverndar- og barnalögum. Meginmarkmið í barnavernd er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Er það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Einnig er úrræðum beitt til verndar einstökum börnum þegar það á við. Barnaverndarnefnd fer einnig með öryggismál barna.

Reglulegir fundir barnaverndarnefndar eru annan hvorn mánudag, aukafundir eru eftir þörfum. Nefndin hélt 29 fundi á árinu.

Yfirfélagsráðgjafi er framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar og situr fundi. Aðrir starfsmenn sitja fundi eftir þörfum.



Barnaverndarnefnd var á árinu 2000 þannig skipuð:

Aðalmenn: Elín Gunnarsdóttir, formaður, Ingibjörg Hilmarsdóttir, Jón Guðlaugsson, Alma Vestmann og Ketill Jósefsson.

Varamenn: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Hjálmei Einarsdóttir, Jónína Hermannsdóttir, Sveinbjörg S. Ólafsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir.

STARFSEMI FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSPJÓNUSTUNNAR

Fjölskyldu- og félagsþjónustan sér um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélagsins í umboði fjölskyldu- og félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar. Megin verkefni eru:

- barnavernd
- öryggismál barna
- forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmál
- fósturmál og vistun
- tilsjón, persónuleg ráðgjöf og stuðningsfjölskyldur
- fjárhagsaðstoð
- húsaleigubætur
- félagsleg ráðgjöf
- sálfræðiþjónusta
- daggæslumál
- húsnæðismál
- félagsleg heimaþjónusta
- málefni aldraðra
- málefni fatlaðra
- jafnréttismál
- ávana og fíkniefnamál



Starfsmannahald. Á árinu 2000 voru 9 stöðugildi hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustunni sem skiptust þannig: félagsmálastjóri, þrír félagsráðgjafar, ráðgjafi, sálfræðingur, þjónustufulltrúi, verkstjóri í heimaþjónustu og húsnæðisfulltrúi.

Eftirtaldir störfuðu við stofnunina:



félagsmálastjóri:	Hjördís Árnadóttir
félagsráðgjafar:	Rannveig Einarsdóttir Kristbjörg Leifsdóttir María Gunnarsdóttir Ása Eyjólfsdóttir
sálfræðingar:	Berglind Brynjólfsdóttir (<i>til september</i>) Ágústa Gunnarsdóttir (<i>frá nóvember</i>)
ráðgjafar:	Anna Margrét Guðmundsdóttir (<i>til september</i>) Elfa Hrund Guttormsdóttir (<i>frá september</i>)
þjónustufulltrúi:	Kolbrún Jónsdóttir
verkstjóri í heimaþjónustu:	Elsa Kjartansdóttir
húsnæðisfulltrúi:	Sigurbjörg Gísladóttir

Kristbjörg Leifsdóttir fór í fæðingarorlof í apríl og kom Ása Eyjólfsdóttir inn í afleysingar á meðan.

Forstöðumenn sem heyra undir Fjölskyldu- og félagsþjónustuna:

Forstöðumaður dagdvalar aldraðra:	Inga Lóa Guðmundsdóttir
Forstöðum. gæsluvallar við Brekkustíg:	Ragnhildur Antonsdóttir
Forstöðum. gæsluvallar við Heiðarból:	Guðrún K. Kristvinsdóttir

BARNAVERND OG FJÖLSKYLDUMÁL

Barnavernd er eins og undanfarin ár yfirgripsmesti málaflokkur fjölskyldu- og félagsþjónustunnar. Foreldrar leita sjálfir í miklu mæli til stofnunarinnar varðandi uppeldi og aðbúnað barna sinna. Er þetta eðlileg þróun m.v. þá stefnu sem rekin er í barnaverndarmálum í Reykjanesbæ. Á árinu voru mál 149 fjölskyldna til meðferðar hjá stofnuninni vegna 211 barna, þar af voru ný mál 61 vegna 87 barna.



Mál bárust til stofnunarinnar með eftirfarandi leiðum:

mál barst frá:	fjöldi mála:
barni sjálfu	2
foreldrum	47
ættingjum	10
grunnskóla/leikskóla/skólaskrifstofu	35
lögreglu	15
öðrum félagsmálayfirvöldum	13
læknum/heilsugæslu/sjúkrahúsi	17
nágrönnum	25
öðrum	28

Í barnaverndarstarfinu er megin áhersla lögð á stuðning við foreldra. Öll mál sem unnin eru með skírskotun til barnaverndarlaga eru skráð sem barnaverndarmál. Gerð er meðferðaráætlun sem endurskoðuð er reglulega, þar til viðunandi árangur hefur náðst. Í einstökum tilvikum nær meðferðaráætlun ekki fram að ganga eða ekki næst samkomulag við foreldra um viðunandi lausnir og getur þá reynst nauðsynlegt að beita þvingunarúrræðum.

Eftirtöldum úrræðum er helst beitt í barnaverndarstarfinu;

foreldrum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað

barni útveguð dagvist

tilsjón til stuðnings fjölskyldum


foreldrar aðstoðaðir við að leita meðferðar vegna áfengisvanda eða annarra persónulegra vandamála

foreldrum og börnum veitt sálfræðiviðtöl, ráðgjöf ofl.

Heildarkostnaður barnaverndarmála var á árinu kr. 25.250.000

FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sérstökum reglum Reykjanesbæjar þar um. Áhersla er lögð á ráðgjöf og leiðbeiningar samhliða fjárhagsaðstoð og gengið útfrá því að hún sé tímabundið úrræði. Útgjöld vegna framfærslu lækkuðu milli árána 1999 og 2000 um 15% og er langt síðan almenn velmegun hefur verið svo mikil í Reykjanesbæ. Skýringar verða helst að teljast næg atvinna og stöðugt verðlag. Fjölmennustu hóparnir sem nutu fjárhagsaðstoðar á árinu voru einstæðar mæður og fólk sem er eða hefur verið í neyslu vímuefna.



Alls nutu 189 einstaklingur og fjölskyldur nutu fjárhagsaðstoðar á árinu, samtals að upphæð kr. 16.812.000. 18 fengu lán, samtals að upphæð kr. 429.055. Lán eru einungis veitt í undantekningartilvikum og gegn tryggingu á endurgreiðslu.

Skipting með hliðsjón af fjölskyldugerð:

fjölskyldugerð	fjöldi	karlar	konur
einhleypir	80	41	39
einstæðir foreldrar	78	3	75
giftir/sambúð	31		

Heildarkostnaður fjárhagsaðstoðar var kr. 16.812.000

HÚSNÆÐISMÁL OG HÚSALEIGUBÆTUR

Félagslegt leiguhúsnæði hefur aukist á undanförunum árum samhliða eftirspurn eftir því. Þannig eru nú alls 224 íbúðir í Reykjaneshæ í félagslegri leigu, þar af 68 sérstaklega ætlaðar öldruðum.



Á árinu var tekið í notkun nýtt sex íbúða fjölbýlishús með þjónustuíbúðum fyrir fatlaða/þroskahefta. Þar búa fjórir einstaklingar í einstaklingsíbúðum og fjórir í þriggja herbergja íbúðum. Þetta er nýtt búsetuúrræði þar sem þessum þjóðfélaghópi gefst tækifæri til að búa sjálfstætt og fá þjónustu m.v. þarfir hvers og eins.

Miklar endurbætur voru gerðar utanhúss á Sólvallagötu 38 en í því húsi á Reykjaneshæ 8 íbúða stigagang.

Hafin var undirbúningur að byggingu 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða sem áætlað er að taka í notkun vorið 2002.

Heildarkostnaður húsnæðismála á árinu 2000 kr. 27.663.000

Skipting húsnæðis:

tegund:	fjöldi íbúða:
fél.eignaríbúðir í leigu	43
fél.kaupleiguíbúðir í leigu	77
leiguíbúðir sveitarfélags	33
alm.kaupleiguíbúðir í leigu	3
fél.leiguíbúðir aldraða með 15% hlutdeildareign	19
alm.kaupleiguíbúðir aldraðra með 30% hlutdeildareign	20
leiguíbúðir aldraðra	29
fél.eignaríbúðir í eigu einstaklinga	84

Húsaleigubætur hafa öðlast fastan sess meðal þjónstuúrræða sveitarfélaga. Í raun má segja að til fyrirmyndar hafi verið hvernig staðið var að þeim frá upphafi, sem jafnframt tryggði þeim jákvætt brautargengi ólíkt mörgum þjónstuúrræðum innan félagslega kerfisins. Lagaumhverfi húsaleigubóta er einnig mjög skýrt og kemur í veg fyrir mismunun. Á árinu fengu 160 heimili húsaleigubætur samtals að upphæð kr. 19.017.000. Þar af var hlutur Reykjaneshæjar kr. 8.121.000.




Skipting þeirra sem fengu húsaleigubætur m.v. 1.des. 2000:

staða	einhl.karlar	einhl.konur/með börn	hjón/með börn
í atvinnu	1	32	30
atvinnulausir	1	9	9
öryrkjar	8	23	10
ellilífeyrisþegar	1	1	0
nemar	7	5	0

Heildargreiðslur húsaleigubóta nam kr. 8.121.000

FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Heimaþjónusta var til skamms tíma nánast einskorðuð við heimili aldraðra og fatlaðra. Mikil breyting hefur orðið þar á, enda er hún ætluð öllum þeim sem ekki geta hjálparlaust séð um heimilishald vegna skertrar getu eins og veikinda, álags, öldrunar eða fötlunar. Markmið með heimaþjónustu er að efla fólk til sjálfsbjargar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Þjónustan felst í aðstoð við heimilisstörf svo sem þrif, þvotta, innkaup, matreiðslu ofl. Aldraðir og fatlaðir eru eftir sem áður fjölmennasti hópurinn sem nýtir heimaþjónustu (*sjá kaflann um málefni aldraðra*).



Fjöldi þeirra sem störfuðu við heimaþjónustu á árinu var 27 í 13,25 stöðugildum. Alls nutu 264 heimili félagslegrar heimaþjónustu á árinu.

Skipting heimila sem nutu félagslegrar heimaþjónustu:

staða	fjöldi heimila	kostnaður
aldraðir	172	10.240.000
fatlaðir/öryrkjar	68	4.007.000
aðrir	24	1.407.000

Heildarkostnaður félagslegrar heimaþjónustu var kr. 15.654.000

DAGGÆSLA BARNNA

Gæsluvellir í Reykjanesbæ eru fimm þ.e. Ásabrautarvöllur, Brekkustígsvöllur, Heiðarbólsvöllur, Miðtúnsvöllur og Stapagötuvöllur. Þeim er ætlað að vera öruggt athvarf fyrir börn á aldrinum 2 til 6 ára og tryggja þeim aldursþópi aðstöðu til útiveru undir eftirliti starfsmanna.



Aðsókn á gæsluvellina hefur farið minnkandi ár frá ári og því var ákveðið að endurskipuleggja opnunartíma þeirra. Miðtúnsvöllur og Heiðarbólsvöllur í Keflavík og Brekkustígsvöllur í Njarðvík voru opnir allt árið. Ásabrautarvöllur og Stapagötuvöllur voru opnir yfir sumartímamann.

Nýting á gæsluvöllum og rekstrarkostnaður:

staðsetning	fjöldi	meðalt.á dag	kostn.
Ásabrautarvöllur	1542	9	1.731.000
Brekkustígsvöllur	2179	8	2.266.000
Heiðarbólsvöllur	2138	9	2.114.000
Miðtúnsvöllur	3208	12	2.264.000
Stapagötuvöllur	872	10	1.195.000

Rekstrarkostnaður gæsluvalla á árinu var kr. 9.570.000

Dagmæður í Reykjanesbæ voru 1. des. 2000 samtals 27 þar af 2 með uppeldismenntun. Dagmæður starfa samkvæmt reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum og eru leyfisveitingar háðar skilyrðum sem kveðið er á um í 9. grein reglugerðarinnar. Þann 1. desember voru 158 börn í vistun hjá dagmæðrum flest á aldrinum eins til tveggja ára. Algengasti vistunartími er fjórar klst. á dag.



Sveitarfélagið niðurgreiðir dagvistargjöld vegna allra barna hjá dagmæðrum. Hámarks niðurgreiðsla er kr. 11.000 á mánuði.

Niðurgreiðslur til dagvistar barna hjá dagmæðrum nam kr. 15.202.000

MÁLEFNI ALDRAÐRA

Heimaþjónusta er í boði fyrir aldraða, en markmið hennar er að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima. Þjónustupörfin er misjöfn og ræðst af aðstæðum hjá hverjum og einum.



Heimaþjónusta í boði:

- heimilishjálpi
- yfirseta
- heimsending matar
- heimsóknarþjónusta
- félagsleg ráðgjöf

Alls nutu 178 heimili aldraðra heimaþjónustu á árinu. Tuttugu einstaklingar fengu heimsendan mat sem keyptur er af dvalarheimilinu Hlévangi. Maturinn er greiddur af þeim sem hans njóta en sveitarfélagið sér um dreifingu hans, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Heimsóknarþjónusta er vinsælt þjónustuúrræði en í því felst tíðar en stuttar heimsóknir til þeirra sem búa við félagslega einangrun.

Dagdvöl aldraðra er rekin að Suðurgötu 12-14 í Keflavík. Þar er nú leyfi fyrir 16 einstaklinga. Rekstur dagdvalarinnar er háður leyfi Heilbrigðisráðuneytisins sem greiðir daggjöld til starfseminnar. Dagdvölin er liður í að gera öldruðum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Þjónustan felst í að fólki er ekið til og frá heimili, það fær morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi auk ýmissar annarrar þjónustu.



Á árinu nýttu 30 einstaklingar dagþjónustu dagdvalarinnar. Stöðugildi í Dagdvöl aldraðra eru 3,6


Leiguíbúðir fyrir aldraða í eigu sveitarfélagsins eru 29. Þær eru einkum ætlaðar eignalausum eða eignalitlum einstaklingum (*sjá kaflann um húsnæðismál*).

Undirbúningur að byggingu 25 félagslegum leiguíbúðum hófst á árinu.



MÁLEFNI FATLAÐRA

Liðveisla er veitt fötluðum eftir föngum skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.



Alls naut 30 einstaklingur liðveislu á árinu. Liðveisla er veitt í 10 - 20 stundir á mánuði allt eftir félagslegri stöðu hvers og eins.

Auk þeirrar liðveislu sem að ofan greinir leggur sveitarfélagið til liðveislutíma á mótí frekari liðveislu frá Svæðisskrifstofu Reykjaness til þeirra einstaklinga sem búa í þjónustuíbúðum, en liðveisla og félagsleg heimþjónusta er grundvöllur búsetu fatlaðra í slíku búsetuúrræði. Sex þjónustuíbúðir eru í Reykjanesbæ og búa þar samtals 8 einstaklingar.

Samningur milli Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) og Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar, um að nemendur skólans sem vinna við liðveislu fái þá vinnu metna til eininga, hefur vakið athygli víða á landinu. Samvinnan við FS hefur gengið mjög vel.

Liðveisla er unnin í tímavinnu og er algengast að hver starfsmaður sinni einum einstaklingi. Alls störfuðu 26 aðilar við liðveislu á árinu.

Heildarkostnaður við liðveislu nam kr. 4.143.000

Ferðaþjónusta er veitt fötluðum skv. lögum. Markmið hennar er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda vinnu eða nám og njóta tórstunda og til að njóta sértækrar þjónustu sem miðast við þarfir hvers og eins.



Þeir sem nota ferðaþjónustu fatlaðra greiða fyrir hverja ferð sem svarar gjaldi AVR eða kr.100 pr. ferð.

Alls notuðu 20 einstaklingar ferðaþjónustu fatlaðra á árinu 2000 í samtals 2.632 ferðum.

Sveitarfélagið greiðir einnig niður sérleyfisferðir fyrir öryrkja sem ferðast með SBK þannig voru 748 ferðir niðurgreiddar á árinu.

Kostnaður við ferðaþjónustu og ferlimál fatlaðra var kr. 1.353.000